# ÍÞRG1KÖ02

***Búið til:** Sun, 19 Apr 2015 15:43:14 GMT*

**Titill**
Körfuknattleikur

**Skammstöfun**
ÍÞRG1KÖ02

**Útgáfunúmer**
14

**Námsgrein**
íþróttagrein

**Viðfangsefni**
körfuknattleikur

**Staða**
Samþykkt af skóla

**Þrep**
1

**Einingafjöldi**
2

**Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla**

**Lýsing**
Viðfangsefni áfangans er körfuknattleikur og áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er körfuknattleik fyrir byrjendur upp að 16 ára aldri. Í áfanganum verður farið í grunnatriði greinarinnar og nemendur þjálfa ýmis grunntækniatriði s.s. knattrak, sendingar, sniðskot og stökkskot. Efni tengt viðfangsefninu verður sett á kennsluvef og nemendur vinna fjölbreytt verkefni, bæði verkleg og bókleg, ýmist einir eða í hóp undir leiðsögn kennara.

**Forkröfur**
Engar

**Þekkingarviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu þjálfunaraðferðum greinarinnar
- grunnatriðum og reglum greinarinnar
- mismunandi hlutverkum leikmanna

**Leikniviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- stunda körfuknattleik, spila mismunandi stöður og fylgja leikreglunum
- framkvæma upphitun og aðrar æfingar til að bæta getu sína í greininni

**Hæfniviðmið**
**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- spila körfuknattleik eftir leikreglum
- geta horft á körfuknattleik og skilið leikinn
- geta tekið þátt í umræðum um körfuknattleik

**Námsmat**
Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa að uppfylla skilyrði um mætingu og virkni í tímum. Áfanginn er metinn út frá verkefnaskilum, mætingu, virkni, færni og áhuga.

**Skólar**

## Fyrirmynd